

Nd.

50. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 12, 12. ágúst 1918, um stimpilgjald.

Flutningsmaður: Pjetur Ottesen.

Við 1. gr.

- a. Á eftir »farangri ferðamanna« í öðrum málslíð komi:
svo og salti og kolum.
- b. Síðasti málslíður orðist svo:
Hina sýndu reikninga skal lögreglustjóri eða umboðsmaður hans
stimpla, þannig að 20⁰/₀ skal greiða af verði allskonar leikfanga og allskonar

muna, sem eigi eru ætlaðir til nauðsynlegra vjela eða verkfæra, úr gulli og gullblendingi, silfri og silfurblendingi, eiri og eirblendingi, kopar og koparblendingi og eftirlíkingum af þessum málmum, svo sem allskonar skrautnálum, hálsmenjum, hringum, festum, úrum o. fl., hvort sem munir þessir eru skreyttir með öðrum efnum, steinum eða eftirlíkingum af steinum, hverju nafni sem nefnast og til hvernar notkunar sem ætlaðir eru, svo og af allskonar gimsteinum og steinum og steinlíkingum, er ætlaðir eru til skrauts, en af verði allrar annarar vöru 1⁰/o.